

FERÐADAGSKRÁIN Í ÍSRAEL 12 – 23. október 2019 – endurgerð!

Ath: Dagskráin getur verið háð breytingum Í stórum dráttum er dagskráin í ferðinni til Ísrael svona:

- 1. Laugardaginn 12. október** Flogið með AirBaltic flugfélaginu frá Keflavík til Riga og Riga til Ben Gurion flugvallarins í Ísrael. Lent þar að kvöldi til. Þegar allur hópurinn hefur farið í gegnum vegabréfseftirlit og fengið farangurinn, er ekið með rútu á Melody hótelið í Tel Aviv.
- 2. Sunnudagur 13. október** Eftir morgunmatinn ökum við til sögufrægu hafnarborgarinnar Jaffa sem er elsta hafnaborgin í heimi. Jaffa eða – Joppa eins og hún er nefnd í biblíunni í frásögunni um Jónas í hvalnum er mjög falleg gömul borg byggð fyrir meira en 4000 árum síðan og er alveg við Miðjarðarhafið og rétt í útjarði Tel Aviv. Gengið gegnum markaðinn, niður í gamla bæinn, upp á útsýnisstað, skoða olivutré, gamall inngangur í borgina og inn í kirkju. Svo keyrum við aftur inn í Tel Aviv og ætluðum að skoða nýja Lýðræðisskálann sem er einstök multi media upplifun og einnig Independence Hall sýninguna í Kibol Shalom þar sem David Ben-Gurion lýsti yfir stofnun Ísraels ríkisen hvoru tveggja var lokað. Þegar degi fór að halla verður aftur ekið að hótelinu og fórum þá á ströndina. Út að borða kvöldverðinn á veitingahúsinu Café London sem er rétt við ströndina í Tel Aviv. Gengið heim og sáum laufskálaveizlu í tjaldi.
- 3. Mánudagur 14. október.** Eftir morgunmat byrjum við daginn á að keyra til Emmaus (þar sem Jesús gekk með lærisveinunum eftir upprisuna og þeir þekktu hann ekki). Horfðum á myndband og gengum svo gegnum kirkjurústir og að grafarhvelvingu (eins og Jesús var lagður í).

Þá var ekið til landamæra Ghaza (the Ghaza strip)– farið inn í afgirt íbúðarhverfi og stoppað við landamæragirðinguna hjá Netiv Ha´Ashara (Southern district). Hádegismatur á bensínstöð (Yad Mordehai Commercial Center)!

Ekið til borgarinnar Rehovot og inn í háskóla campus (Wide Heilsmann Institute); sáum mörg Institute með fræg Nóbelsverðlauna faculties og skoðuðum minnismarki (klofinn steinn) um Gyðinga (To Remember and not to Forget).

Skoðuðum Ayalon Institute verksmiðjuna. Verksmiðjan var stofnuð af Haganah – varnarliðssveitum árið 1945 til að framleiða byssukúkur til að vera viðbúin frelsisstríðinu. (Haganah er hebreskt orð sem þýðir – vörn.) Ofanjarðar var þetta ósköp venjulegt þvottahús á samyrkjubúi (Givat Hakibbutzim), en neðanjarðar var vopna verksmiðja. Hlustum á mjög athyglisverða frásögu af starfsemi verksmiðjunnar og undanfaran að stofnun Ísraelsríkis.

Þaðan verður farið aftur á hótelið í smá stund (gengum niður á og út eftir ströndinni og skoðuðum margskonar aðstöðu og búðir í Tel Aviv Port) og síðan ljúkum við deginum á að fara út að borða í sögufrægu hafnarborginni Jaffa og fáum að upplifa borgina að kvöldlagi.

- 4. Þriðjudagur 15. október.** Nú eftir morgunmatinn yfirgefum við hótelið í Tel Aviv. Ökum til Ramat Aviv sem er í úthverfi Tel Aviv borgar og þar skoðum við Palmach Safnið sem er tileinkað varnarliðasveitum Haganah sem síðan þróuðust yfir í að verða IDF varnarlið Ísraelsríkis.

Þá keyrum við í norður meðfram ströndinni til Caesareu, þar sem Pétur boðaði heiðingjunum fagnaðarerindið í fyrsta sinn í húsi Kornelíusar hundraðshöfðingja. (Postulasagan 10 kafli). Þar munum við skoða fornar Rómverskar rústir meðal annars af hringleikahúsi, og vatnsveitu frá dögum Rómverja.

Eftir það er keyrt áfram í norður til Karmel fjalls – (borðað í Dalíyat Al-Karmel), þar sem Elía spámaður skoraði á Ahab konung og spámenn Bals. (Hægt að lesa um það í biblíunni í 18. kafla í Fyrri Konungabókar.

Þaðan var svo ekið til borgarinnar Migdal HaEmeq og Ginosar og skoðað Fisherman Boat safnið. Á þessu safni er að finna bátsflak sem talið er vera frá dögum Jesú. Þaðan farið niður á bryggju um borð í bátinn King David sem sigldi með okkur yfir Galelíuvatnið að hótélbryggjunni. Á meðan varð hvellvindur með rigningu, þrumu og eldingum Umkvöldið borðað á hótelinu og síðan gengið niður í bæ.

- 5. Miðvikudagur 16. október.** Eftir morgunmatinn byrjum við daginn á að fara til Benediktinerkloster í Tabgha og skoðum staðinn þar sem Jesús margfaldaði brauðin og fiskana (Matt. 14:19-21). Förum við til Caphernaum (The town of Jesus) þar sem Jesús starfaði (Matt.4:12-13) og meðal annars læknaði tengdamóður Péturs (Matt. 8:14). Þar er að finna merkar minjar ásamt uppgrefti af heimili Péturs (sýndi okkur rústir – einnig hvernig var spilað um líf Jesú).

Förum upp á Mount of Beatitudes = Fjallið sem Jesús flutti Fjallræðuna og boðaði Sæluboðorðin. (Matt. 5 kafli) Á þessum stað er fagurt útsýn yfir Galelíuvatnið, og yndislegur garður ásamt fallettri kirkju.

Aftur til Ginosar til að versla

Aftur til Tiberíusar til að borða St. Peter's fisk í hádegisverð niður við Galelíuvatnið (Pilgrims Residence).

Svo endum við daginn meða að fara til Yardenit sem er skírnarstaður við Jórdan ána og tókum skírn! Förum til Magdala þaðan sem María Magdalena var ættuð. Þar er nýlegur fornleifauppgröftur af Synagogue – samkunduhúsi Gyðinga frá fyrstu öld eftir Krist og vel varðveittar rústir úr þorpinu Magdala. Þetta eru einar af merkustu rústunum sem hafa fundust í Ísrael. Endum í kirkjunni – Ducin Altum, sem eru með flott listaverk (Hönd sem teygir sig inn). Svo aftur á hótelið og kvöldverður borðaður þar.

6. Fimmtudagur 17. október. Að loknum morgunverði keyrum við í landamærastöð Ísraels og hittum þar hermenn. Síðan að landamærum Líbanons og horfum yfir til suður Líbanons og stoppum á samyrkjubúinu Kibbutz Misgav – ”The fortress of the people” (Communal System of Live) og heyrum frásögu af lífinu þar.

Þaðan förum við að uppsprettu Jórdan (Hermon River Springs) árinna í Cesareu – Filippí þar sem játning Péturs átti sér stað (Matt. 16: 13 -20). Þar eru einnig að finna forna fórnarstaði heiðina goða.

Næst verður ekið upp í Gólan hæðirnar – The Nimrod Fortress - og fáum við að njóta þess að horfa yfir al Hula dalinn.

Svo höldum við áfram til Katzrin, sem er stærsti viðskipta og þjónustukjarninn á Gólan hæðunum og borðum hádegismat

Höldum áfram eftir Gólan hæðunum og skoðum líka varnarvirki Sýrlendinga sem ógnaði Ísrael í 19 ár fyrir 6 daga stríðið.

Þaðan aftur til Tiberias á hótelið þar sem við gistum og borðum kvöldverðinn okkar. Sitjum úti á svölum um kvöldið.

7. Föstudagur 18. október. Að loknum morgunverði tékkum við okkur út af hótelinu í Tiberias (one of four holy cities in the bible; also Jerúsalem, Hebron and Zaphet).

Förum til Kefar Kanna þar sem Jesús framkvæmdi fyrsta táknið - kraftaverkið (Jóhannesarguðspjall 2. kafli 1-12 vers). Förum þar inn í Kirkju þar sem var verið að gifta fólk.

Til Nazaret og skoða boðunarkirkjuna, the Church of Annunciation, þar sem engilinn boðaði Maríu mey að hún væri 3 þunguð og myndi fæða frelsarann.

Síðan förum við til Bet Alpha (Heftzi-Ba) og skoðum samkomuhús (synagogue) frá 6 öld e.kr. en þar er að finna mjög falleg mósaeik verk. Bet Alpha er við rætur Gilbóa fjallsins.

Stoppað í Bet Shean (Bet San) og merkar rómverskar rústir skoðaðar. Bet Shean kemur einnig við sögu í 1.Samúelsbók 31: 10-12, þar sem Ísraelsmenn voru að berjast við Filisteara, og lík Sál konungs og sona hans voru hengd á borgarmúrinn í Bet Shean.

Hádegismatur í Revaya.

Keyrt verður meðfram Jórdan dalnum – framhjá Jerico - og upp til Jerúsalem – sjáum fullt af braggabúðum og tékkum okkur inn á hótelið rétt fyrir Sabbatinn (hvíldardaginn) 5 sem hefst kl 17:23. Gist verður næstu 5 næturnar á hótelinu Ramada í Jerúsalem (City of peace). Kvöldverðurinn, borðaður á hótelinu. Fórum um kvöldið niður í bæ til að hitta Helgu og féll á YMCA hótelinu; einnig upp í turninn.

8. Laugardagur, 19. október. Eftir morgunmatinn höldum við upp á Zion hæðina og skoðum staðinn sem talið er að Jesús hafi neitt síðustu kvöldmáltíðin með lærisveinum sínum (Lúk. 22: 12).

Þá tökum við stefnuna á Olúfjallið (Mount of olives) þar sem við höfum víðsýnt og fallegt útsýni yfir gömlu borgina (ath Zoleman the Magnificent).

Þaðan göngum við niður í Getsemane garðin og kirkjan í garðinum skoðuð, hún er einnig þekkt sem kirkja Allra þjóða (The Church of All Nations).

Eftir það yfirgefum við borgina um stundar sakir og förum til Betlehem (nýr gudie – Johnny) og þar munum við skoða Fæðingakirkjuna og Betlehemsveldi (inn í hvelfingunni). Á leiðinni komið við í gjafabúð með útskorna hluti og skartgripi. Að lokum förum við í kirkju, borðum ís og til baka á hótelið (<https://www.youtube.com/watch?v=hwZNL7QVJJE>)og kvöldverðurinn borðaður þar.

9. Sunnudagur 20. október Byrjum daginn á Þjóðminjasafni Ísraels – Israel Museum þar sem við munum skoða stórt módel af Jerúsalemborg frá tímabili Jesú ásamt því að skoða Shrine of the Book safnið þar sem Dauðahafshandritin eru geymd. Eftir það förum við svo að helfararsafninu Yad Vashem og minningar garðinum. Skoðum safnið og garðinn. Borðum í bænum – förum inn á markaðsgötu.

Um eftirmiddaginn munum við síðan heimsækja Ein Karem þorpið, en þar sem við skoðuðum kirkjur við heimili og aðra kirkju við fæðingarstað Jóhannes skírara.

Seinni partinn - smá stund - út í sundlaugargarð hótelsins.

Um kvöldið – leigubíll í bæinn og ganga að grátmúrnum. Tilbaka eftir Via Dolorosa.

10. Mánudagur 21. október Að loknum morgunmat, keyrum við að lægðsta punkti jarðar og förum að Dauðahafinu. Ekið verður meðfram bökkum Dauðahafsins og að Mazada fjallinu. Farið verður upp á toppinn á Mazada með kláf (cable car) og rústirnar af höll Heródesar skoðaðar ásamt fornum minjum af samkunduhúsi, gufubaði og fleiru. Heyrum einnig merka frásögu um síðustu uppreisn Gyðinga gegn Rómverjum sem gerðist á Mazada.

Frá Mazada fjallinu öikum við að Ein Gedi, þar sem Davíð flúði unan Sál konungi og faldi sig í hellinum. Davíð samdi líka mikið 7 að sálmunum sínum á þessum stað.

Eftir það höldum við áfram til Qumran þar sem Dauðahetafshandritin fundust árið 1947: borðað og verzláð krem. Horft á fræðslumyndband um fjöllin og hellana þar sem handritin fundust.

Við ljúkum svo degina á að gefa ykkur tækifæri á að prófa að fljóta í söltu og steinefnaríku vatni Dauðahafsins, áður en við höldum aftur til baka upp til Jerúsalem. Kvöldverður borðaður á hótelinu. Hittum Mesíönsku Gyðingana. Fórum aftur í bæinn – 1st Station – og dönsuðum og svo aftur að grátmúrnum.

11. Þriðjudagur 22. október Að loknum morgunverðinum upp á Musterishæðina (Lúk. 2:27 og Lúk. 2:49) og röлта um svæðið en þar er að finna El Aqsa – mosku múslima og einnig Dome of the Rock sem er gullna hvelfingin sem er þekkt kennileiti Jerúsalem borgar.

Frá musterishæðinni förum við að Vesturvegnum, betur þekktur sem Grátmúrin, sem er helgasti staður Gyðinga.

Eftir það munum við fara niður í hin svo kölluðu Western Wall Tunnel – eða Rabbinical göngin eins og þau eru stundum nefnd. Þetta eru neðanjarðargöng undir Grátmúrnum meðfram stöðveggnum að musterishæðinni. Í göngunum munum við fræðast um seinna musteris tímabilið og öðldast skýra mynd af uppbyggingu musterishæðinnar, og sjá 6 risavöxnu steinana sem voru notaðir til þess. Við munum líka fræðast um hvernig vatninu var veitt inn í borgina.

Út úr göngunum komum við svo inn í Kristna hlutanum í gömlu borginni og göngum þaðan eftir Via Dolorosa götunni þar sem Kristur gekk með krossin, og förum að Bethesta lauginni, og hliði Stefáns og St. Ann's kirkjuna og jafnvel að Grafarkirkjunni (Holy Sepulchre Church), allt eftir hvað tímanum líður.

Eftir hádegið komum við til með að skoða Southern Wall þrepinn og uppgröftin. En á suðurhliðinni að musterhæðinni voru þrepinn sem allur almenningur notaði til að fara upp að musterinu á dögum Jesú, og Jesús gekk þar um er hann fór inn í helgidóminn, (musterið) og rak út kaupmennina sem voru að selja vörur sínar, sambr. Lúk. 19:45. Jarðvegurinn að hluta til hefur verið fjarlægður af þrepunum og við göngum um þau og skoðum líka hreinsunar laugar frá

dögum Jesú. Líklegt er að Pétur postuli hafi einnig staðið á þessum sama stað er hann predikaði á Hvítasunnudag.

Að lokum munum við síðan ljúka ferðinni með að heimsækja Grafargarðinn (Garden Tomb), sem er yndislegur og fallegur garður og þar rétt hjá er klettakvelfing sem talið er að geti verið hin eiginlega Golgata – hausaskeljarhæðin. Árið 1867 fannst þar gröf í nálægum garði sem er garðurinn sem við munum skoða og ýmsir kristnirmenn telja að sé gröfin þar sem Jesús var lagður í og reis síðan upp frá dauðum. Ljúkum svo ferðinni með að borða öll saman á veitingahúsi í Jerúsalem. Gistum á hótelinu um nóttina.

12. Miðvikudagur 23 október snemma út á flugvöll og fljúgum heim aftur í beinu flugi með AirBaltic flugfélaginu og lendum í Keflavík um eftirmiðdaginn.

Athugið að:

Allur morgunmatur og kvöldmatur er innifalinn í ferðinni, ásamt öllum aðgangseyri

Ferðast er um í loftkældri rútu og eru vegalengdir oftast tiltölulega stuttar þar sem landið er mjög lítið. Inni í gömlu borginni í Jerúsalem er ekki hægt að koma rútnunni auðveldlega að, og er þvíengið á flesta staði sem skoðaðir verða þar.

Mæli með að vera í góðum og stöðugum sandölum eða skóm eins og t.d. ecco sandölum með hælbandi en alls ekki töflum. Gangstígar geta verið bæði hrjúfóttir og sleipir.

Hádegismaturinn er ekki innifalinn nema einu sinni, þegar St. Peters fiskurinn er borðaður við Galelíuvatnið.

Oftast stoppum við bara einhverstaðar og fáum okku léttan hádegisverð, og kostar hann yfirleitt á bilinu 10 til 15 dollara á mann.

Í upphafi ferðarinnar mun ég rukka inn \$100 dollara á mann í eitt skipti, sem mun síðan vera notað fyrir þjófúfé. Þannig að við skiljum ekki eftir auka þjófúfé, hvorki á hótél herberginu né annarstaðar.

Flöskuvatn er í kæli í rútnunni og er hver flaska seld á \$ 1 (einn dollar). Gjaldmiðilinn í Ísrael eru Siklar eða Schekels, og er miðgengi hans í dag (24. Feb. 2019) – 33,135 íslenskar krónur.

Ráðlegg fólki að taka frekar með sér Bandaríkjadali heldur en Evrur þar sem Bandaríkjadalurinn er allsstaðar gjaldgengur. Það er líka hægt að nota Evrur en ekki alveg allsstaðar. 9 Hraðbankar eru sumstaðar, en ekki alltaf auðvelt að komast að þeim með rútnunni. Gott er að hafa með sér nægt lausafé til að greiða fyrir hádegisverði og vatnið í rútnunni.

Minjagripir og annað slíkt sem þið kanski viljið kaupa er nánast alltaf hægt að greiða fyrir með kredit korti.

Hitastigið í október, þá er haustið að byrja og er oftast á bilinu milli 19 – 24 gráður á celsíus. Getur orðið heitara niður við Dauðahafið.

Ef þið hafið einhverjar frekari spurningar þá endilega bara að hafa samband og ég mun reyna að svara þeim eftir bestu getu.